


Endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal

Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal var stofnað þann 4. apríl 1998. Tilgangur félagsins er að stuðla að endurreisn og viðhaldi á listaverkum og byggingum Samúels Jónssonar (1884-1969) í Selárdal við Arnarfjörð og kynna verk Samúels innan lands sem utan. Stjórn félagsins skipa: Ólafur Hannibalsson, formaður, Ólafur J. Engilbertsson, gjaldkeri, Kári G. Schram, ritari og meðstjórnendur eru Haflíði Magnússon, Bíldudal, Lilja Magnúsdóttir, Tálknafirði og Haukur Sigurðsson, Patreksfirði. Auk þess er stjórn til fulltings samráðsnefnd sem Hilmar Einarsson, Pétur Arason og Ragnar Páll skipa. Félagið stóð að söfnunarsýningu í Galleríi Horninu í Reykjavík árið 1998, þar sem myndlistarmenn gáfu verk sín til málefnisins. Ferðamálaráð, Samgönguráðuneytið og Landsbanki Íslands veittu styrki til félagsins, samtals kr. 450.000- á árinu 1998. Félagið studdi gerð leikinnar heimildamyndar um Samúel í Selárdal sem frumsýnd var á Bíldudal og í Reykjavík vorið 1999.





Hugað að viðgerðum

Félagið fékk þýska myndhöggvarann Gerhard König til að gera áætlun um viðgerðir á styttnum Samúels og í framhaldi af því fór Gerhard til Selárdals sumarið 1998 og gerði tilraun til viðgerðar á hluta af ljónagosbrunninum. Leitað var til Steinsteypunefndar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins með ráðgjöf áður en til verksins kom. Gerhard hefur reynslu af slíkum viðgerðum og í samráði við stjórn félagsins hafði hann þann hátt á að viðgerðir sjást þannig að greinilegt er hvað er handverk Samúels og hvað er viðgerð. Það er í samræmi við það sem viðgengst helst í forvörslu slíkra verka. Mat Gerhards var það að til að gera viðgerð til frambúðar þyrfti að grafa upp undirstöðuna og lyfta öllum ljónunum af stalli.



Árangur fyrstu viðgerða

Í skýrslu til Ferðamálaráðs um framvindu viðgerða í Selárdal kom fram að Gerhard hafi reist „eitt þeirra þriggja ljóna sem lágu í jörðinni við. Ekki reyndist unnt að bora fyrir teini inn í bók ljónsins til að það stæði betur vegna þess að hann reyndist fullur af hörðu stórgrýti, þannig að ef borað væri í hann hefði það efalítið dottið í sundur, auk þess sem steypan er viðkvæm og molnar auðveldlega. Þó setti Gerhard zinkhúðaðan járntein ásamt gormi í nýja fætur er hann mótaði með hliðsjón af fótum annarra ljóna. Ljóninu sem hann gerði við lyfti hann með talíu á þrífæti. Undirlagið þurfti hann sömuleiðis að endurnýja, því það gamla var farið að síga ískyggilega vegna vatnsaga, auk þess sem steinsteyppt platan er mjög þunn og sprungin. Gerhard skipti um jarðveg undir þeim hluta grunnsins sem var undir viðgerða ljóninu, setti nýtt undirlag úr mól og fínni sandi og þjappaði með því að bleyta í. Því næst steypiti hann inn í þennan hluta grunnsins og útbjó mót úr dúnk til að forma nýja fótleggi upp frá þeim brotum af loppum sem fyrir voru á grunninum. Gerhard hefur áður gert við steinsteyphtar höggmyndir og er raunar sérhæfður á því sviði. Hann notaði þrenns konar sement til viðgerðanna, allt eftir því hvernig álagið er og hugsanlegur raki. Hann setti styrkingu á milli fóta á ljóninu til að varna því að það ylti aftur á hliðina. Það reyndist nauðynlegt vegna þess að járntenging náðist ekki á milli búks og fóta, en er hugsað til reynslu og vel má höggva tenginguna burt og fara aðra leið sýnist mönnum það nauðsynlegt.“



Listasafns húsið í hættu

Haustið 1998 var haldinn fundur í félaginu á Bíldudal með meðstjórnendum og ákveðið að ráða Jón S. Bjarnason til að smíða glugga í listasafns-húsið, sem þá þegar var farið að láta verulega á sjá. Jón lauk smíði glugganna þá um haustið. Einnig var leitað til Ara Más Lúðvíkssonar arkitekts, sem hefur gert uppdrátt af byggingum Samúels og ritaði fyrir um tíu árum bréf til Bíldudalshrepps um ástand þeirra. Hluti bréfsins hljóðar svo:

Húsin eru þrjú að tölu, íbúðarhús, kirkja og listasafn. Íbúðarhúsið er tvískipt, aftari hluti er upprunalegt hús á landareigninni, fremri hluti er viðbygging sem Samúel gerði sjálfur. Ekki hefur honum unnist tími til að klæða þökin að öllu leyti með járni. Ég tel að eyðilegging húsa stafi fyrst og fremst af því að pappi er fokin af þökum. Af þeim sökum rignir og snjóar inn í húsin, sem veldur að milligólf í listasafni er að hrynja niður og gæti það valdið hættu.

Frá því þetta bréf var ritað hrundi milligólfíð í listasafninu og þakið fauk af listasafninu. Það hús var því í mikilli hættu. Ólafur Gíslason stóð hinsvegar að viðgerðum á þaki og gólfi kirkjunnar fljótlega eftir að bréfið var ritað.





Samstarf við landbúnaðarráðuneytið

Félag um endurreisn listasafns Samúels kom svo að verkefninu á ný vorið 2004 í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið um að annast frekari viðgerðir á stytum Samúels í umboði ráðuneytisins. Rætt var sem fyrr við Gerhard König, myndhöggvara, sem tók að sér verkstjórn og hefur hann unnið að viðgerðum upp frá því á vegum félagsins. Trésmiðjan Eik á Tálknafirði sá um að gera listasafnshús Samúels fókelt sumarið 2004 á vegum ráðuneytisins og var haldin hátíðin Vor í dal í sumarlok til að fagna áfanganum þar sem Gerhard König hafði einnig náð að endurreisa ljónagosbrunn Samúels. Frá sumrinu 2005 hefur félagið alfarið séð um framkvæmd mála og hefur landbúnaðarráðuneytið ekki komið að viðgerðum eða lagt fé til þeirra eftir 2004. Félagið hefur hinsvegar fengið framlög á fjárlögum, frá Menningarborgarsjóði, Þjóðhátíðarsjóði, Styrktarsjóði Baugs Group, Samfélagssjóði Alcan og fleiri aðilum til að halda verkefninu áfram.

Ljónagosbrunnurinn aftur virkur 2005

Sumarið 2005 lauk Gerhard König við að gera við styttnur Samúels og koma ljónagosbrunninum í gagn aftur og mála stytturnar. Sumarið 2006 voru 15 ungmenni frá Þýskalandi undir stjórn Gerhards að vinna að viðgerðum á Listasafnshúsi Samúels og sumarið 2007 voru þar 10 manns í sjálfboðavinnu.



Endurgerð húss Samúels


Sumarið 2008 var fimm manna vinnuflokkur í Selárdal að ljúka viðgerðum á listasafnshúsinu og styttnum á vegum félagsins auk þess sem 8 sjálfboðaliðar frá Seeds-samtökunum unnu við að rífa gamla íbúðarhús Samúels. Sigurður Pálmi Ásbergsson arkitekt hefur nú teiknað endurgerð þess sem stendur til að verði íbúð og vinnu-aðstaða fyrir lista- og fræðimenn ásamt lítilli sölubúð.

Viðgerð á listaverkunum er nú mjög langt komin. Starf félagsins er öllum opið og verður leitað til ýmissa aðila um að koma að framkvæmdinni. Hefur m.a. komið til tals að fá listamenn til að gera afsteypur af verkunum.

Trésmiðjan Eik ehf á Tálknafirði hóf í júní 2009 vinnu við sök- kul hússins og ráðger- ir að byggja það á Tálknafirði veturinn 2009-2010 og flytja á staðinnsumarið 2010, ef áætlarnir standast. Tæknipjónusta Vest- fjarða hefur metið kostnað við að gera húsið fokhelt rúmar 14 milljónir króna. Miðað er við að lista- menn, fræðimenn og annað áhugafólk geti nýtt sér aðstöðuna frá og með sumrinu 2011. Áformað er að verk unnin á staðnum verði sýnd í listasafns- húsinu.



Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal leitar eftir stuðningi við að kosta smíði hússins.
Söfnunarreikningur félagsins er: 515-14-412379, kt. 440398-2949.



Myndlist | Þýski myndhöggvarinn Gerhard König snýr aftur að viðgerð listasafns Samúels



Morgunblaðið/RAX

Þýskir listnemar huga að húsum Samúels með bros á vör.

Ævintýralegt listasafn Samúels nálgast fyrra horf

Eftir Þormóð Dagsson
thorri@mbl.is

Í BRAUTARHOLTI í Selárdal bjó listamaðurinn Samúel Jónsson sem gjarnan hefur verið nefndur listamaðurinn með barnshjartað. Hann er yfirleitt flokkaður í hóp svokallaðra návista en minjar um listiðkun hans má finna í Selárdal þar sem hann reisti tvö hús af eigin rammleik; kirkju utan um altariðöflu sem hann málaði og listasafn utan um verk hans.

Þrátt fyrir að Selárdalurinn sé meðal afskekktustu sveita landsins koma engu að síður fjögur til fimm þúsund ferðamenn á hverju sumri í dalinn til að berja hinn sérstæða list-verkaheim Samúels augum.

Listamannaferill Samúels verður að teljast nokkuð merkilegur en alla sína list skóp Samúel eftir að hann komst á eftirlaun og þá eru húsasmíðarnar meðtaldar. Hann var að öllu ómenntaður í listum en engu að síður, að einhverjum óviðráðanlegum hvötum, ákvað hann að helga sín efri ár um í listsköpun og nú hafa verk hans borist manna á milli og nafn lista-

mannsins hefur smám saman hlotið virðingu og viðurkenningu þjóðarinnar.

Tíminn hefur tekið sinn toll af verkum Samúels og því hefur verið stofnað sérstakt félag um endurreisn listasafns Samúels undir forystu Ólafs Hannessonar. Félagið stóð sumarið 2004 að viðgerðum á stytturnum Samúels Jónssonar í Selárdal í samráði við landbúnaðarráðuneytið, sem hefur með umsýslu verkanna að gera. Gerhard König, þýskur myndhöggvari, tók að sér verkstjórn annað sumarið í röð og hófst hann handa í júlímánuði 2005. Lárus Sigurðsson var honum til aðstoðar og Guðjón Kristinsson frá Dröngum sá um aðdrætti.

Gerhard König kom svo aftur núna í byrjun ágúst með fimmtán manna vinnuhóp frá listaskólum í Þýskalandi til að vinna að þessu verki. Hópurinn var fluttur með rútu í Selárdal í byrjun ágúst og hefur dvalið þar í tvær vikur og unnið að viðgerðum undir leiðsögn Gerhards og tveggja annarra leiðbeinenda. Heilmikið hefur unnist í sumar og fer staðurinn smám saman að hverfa í sitt fyrra ævintýrlega horf.

Johann Ristau er sautján ára listaskólanemandi frá Þýskalandi sem bauð sig fram í þetta verkefni. Hann var að steypa grunn í litla tjörn við listasafn Samúels þegar blaðamaður truflaði hann og náði við hann smáspjalli.

Af hverju komstu hingað?

„Mér þótti mjög spennandi tilhugsun að vinna hér á Íslandi. Landslagið hérna er svo rosalega framandi. Ég hef auk þess mjög gaman af því að vinna að listtengdum verkefnum.

Hvað finnst þér um listaverkin hans Samúels?

„Mér finnst ótrúlegt að hann skuli hafa afkastað svo miklu svona gamall. Vinnan sem hann lagði í þennan stað er svo miklu meiri en það sem blasir við við fyrstu sýn. Það hefur t.d. verið heilmikil vinna að gera grunninn að þessum húsum. Ég er rosalega hrifinn af þessum verkum öllum og ég held að ég komi hingað aftur eftir þrjú ár til að sjá þetta allt saman endurbætt að fullu.“

Ekki náðist að klára viðgerðirnar í sumar en Gerhard König segist fullviss um að verkið klárast næsta sumar.



Listahéimur Samúels Jónssonar endurbættur

Það er skemmtilegt að sjá hversu miklar endurbætur hafa orðið á Listasafni Samúels Jónssonar í Selárdal í Arnarfirði. Undanfarnir ár hafa Þjóðverjar í sjálfböðavinnu unnið að því á sumrin að gera við stytur Samúels og listasafnhúsið.

„Í sumar á að ljúka við að gera við stytturnar og ganga frá höggmyndagarði Samúels og safnahúsinu en það koma tíu manns frá Þýskalandi sem gera þetta í sjálfböðavinnu undir stjórn þýska myndhöggvarans Gerhards König. Hugmyndin hefur verið að setja upp aðstöðu fyrir ferðamenn, snyrtingu og minjagripasölu. Það hefur þó vantað heildarstefnu um þetta svæði og hugmyndin er, ef allt gengur eftir, að hafa þarna aðstöðu fyrir lista- og fræðimenn sem gætu dvalið í einhvern tíma,“ segir Ólafur J. Engilbertsson, gjaldkeri Félags um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar.

Nú er íbúðarhús Samúels illa farið, stendur ekki til að gera endurbætur á því einnig?

„Jú, það stendur til að taka það í gegn en það er enn óljóst hvenær því okkur vantar fjármagn til verksins. Stefnan er að sumarið 2008 verði hægt að endurreisa íbúðarhús Samúels og gera það fokhelt. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að það muni kosta um 10 milljónir króna. Hugmynd er uppi um að taka íbúðarhúsið í notkun sumarið 2010 sem gestaíbúð fyrir lista- og fræðimenn og vonandi tekst okkur það,“ svarar Ólafur.

ehg

